

Vestmannaeyjabær  
Kirkjuvegi 50  
900 Vestmannaeyjum

21. maí 2026  
202604-0020/A.B.

## Efni: Umsögn – Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar og deiliskipulagi vegna stækkunar á lðnaðarsvæði I3 í Viðlagafjöru vegna stækkunaráforma Laxeyjar ehf

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Vestmannaeyjabæjar er barst 13. apríl sl. vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar 2015–2035 og tillögu að deiliskipulagi fyrir Viðlagafjöru.

Í tillögu að aðalskipulagsbreytingu er gert ráð fyrir að landnotkun svæðisins við Viðlagafjöru verði breytt þannig að heimilt verði að byggja upp umfangsmikla landeldisstöð fyrir laxeldi. Í tillögu að deiliskipulagi er nánar útfærð uppbygging mannvirkja, lagna, fráveitu, dælustöðva, vinnslusvæða og annarra innviða sem tengjast rekstri stöðvarinnar. Samkvæmt greinargerð er gert ráð fyrir framleiðslu allt að 42.000 tonna af slægðum laxi á ári ásamt seiðaeldi og tilheyrandi stoðmannvirkjum.

Náttúruverndarstofnun veitti áður umsögn um umhverfismatskýrslu framkvæmdarinnar.<sup>1</sup>

### Náttúruminjaskrá

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdarsvæðið sé innan svæðis á náttúruminjaskrá nr. 723, Helgafells og Eldfells. Svæðinu er lýst sem stórfenglegu landslagi með sérstakt fræðslugildi um myndun og mótun lands.<sup>2</sup> Náttúruverndarstofnun bendir á að skráning svæðisins á náttúruminjaskrá endurspegli sérstakt verndargildi þess á landsvísu og að skráning svæðisins byggir ekki eingöngu á því hvort einstakar jarðmyndanir séu óraskaðar heldur einnig á heildstæðu landslagi og fræðslugildi svæðisins og samhengi jarðmyndana og eldhraunsins í heild.

Náttúruverndarstofnun telur að svæði á náttúruminjaskrá eigi að vera sér umhverfispáttur í umhverfismati vegna þess verndargildis sem skráningin byggir á. Verndargildi svæðisins byggir meðal annars á landslagsheild, eldfjöllunum, hrauninu og jarðsögulegu gildi svæðisins.

<sup>1</sup> <https://www.skipulagsgatt.is/files/ed0a8fa8-c9eb-4a5f-b304-fda65e68fcd6>

<sup>2</sup> <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudurland/>

Náttúruverndarstofnun bendir á að þótt svæðið hafi þegar orðið fyrir raski vegna efnistöku hefði vandaður frágangur svæðisins getað dregið úr áhrifum á landslag og ásýnd<sup>3</sup>, en umfangsmikil og varanleg uppbygging mannvirkja á svæðinu festir í sessi breytta ásýnd og landnotkun til lengri tíma.

Að mati Náttúruverndarstofnunar geta umfangsmikil mannvirki og frekara rask innan svæðisins haft neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins, sérstaklega með tilliti til landslags og ásýndar.

Niðurstaða framkvæmdaraðila í umhverfismatskýrslunni er að áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd séu talin nokkuð neikvæð.

Náttúruverndarstofnun telur jákvætt að í tillögunni séu sett fram ákvæði um að draga úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar með mótun lands, jarðvegsmonum og aðlögun að staðháttum. Að mati stofnunarinnar er þó mikilvægt að útfærsla þessara mótvægisáðgerða verði skýrð frekar í deiliskipulagi, meðal annars með tilliti til umfangs jarðrasks, mótunar lands og verndar jarðmyndana innan svæðis á náttúruminjaskrá.

## Hraun

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdarsvæðið sé umlukið eldhrauni frá gosinu árið 1973 sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að framkvæmdir muni valda beinu og varanlegu raski á hluta hraunsins en að raskið verði staðbundið og taki til lítils hluta af heildarþekju hraunsins á svæðinu. Í umhverfismatskýrslu framkvæmdaraðila telur hann áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir vera óverulega neikvæð. Náttúruverndarstofnun bendir á að þrátt fyrir fyrri rask nýtur eldhraunið sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og því þarf leyfisveitandi að taka sjálfstæða afstöðu til þess hvort skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun bendir á að þótt hluti svæðisins hafi þegar orðið fyrir raski vegna efnistöku leiðir það ekki sjálfkrafa til þess að verndargildi alls hraunsins sé raskað í heild sinni. Við mat á áhrifum framkvæmdarinnar þarf að horfa til þess hvort áframhaldandi röskun geti haft áhrif á landslagsins í heild.

### *Framkvæmdarleyfi*

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið

<sup>3</sup> <https://www.namur.is/>

af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

### **Landslag og ásýnd**

Í umhverfismatsskýrslu framkvæmdarinnar kemur fram að áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd séu talin nokkuð neikvæð, meðal annars vegna umfangs mannvirkja og samlegðaráhrifa með annarri starfsemi og mannvirkjum á svæðinu. Jafnframt kemur fram að áhrifanna muni gæta á svæðum sem njóta hverfisverndar vegna landslags og ásýndar.

Í greinargerð skipulagsins kemur hins vegar fram að áhrif á ásýnd og landslag séu metin óveruleg þar sem um sé að ræða stækkun á þegar röskuðu svæði og gert sé ráð fyrir mótvægisáðgerðum, svo sem landmótun og jarðvegsmönnum til að draga úr sjónrænum áhrifum.

Náttúruverndarstofnun tekur undir það sem fram kemur í umhverfismatsskýrslu framkvæmdarinnar um að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á landslag og ásýnd svæðisins. Stofnunin bendir á að samkvæmt 1. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skuli vernda fjölbreytni landslags og varðveita landslag sem hefur sérstakt fagurfræðilegt, jarðfræðilegt eða menningarlegt gildi.

Náttúruverndarstofnun bendir jafnframt á að skipulagssvæðið er innan svæðis nr. 723 á náttúruminjaskrá, Helgafell og Eldfell, sem er lýst sem „stórfenglegu landslagi og fræðandi um myndun og mótun lands“. Verndargildi svæðisins byggir meðal annars á eldfjallalandslagi, hraunmyndunum og sterkum jarðsögulegum einkennum sem tengjast Eldfelli og hrauninu frá árinu 1973.

Þótt svæðið hafi þegar orðið fyrir raski vegna efnistöku og annarrar starfsemi telur Náttúruverndarstofnun að umfangsmikil og varanleg uppbygging mannvirkja muni festa breytta ásýnd og landnotkun í sessi til lengri tíma. Að mati stofnunarinnar er því mikilvægt að áframhaldandi hönnun, landmótun og frágangur taki skýrt mið af verndargildi og sérstöðu svæðisins og að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verði lágörkuð eins og kostur er.

### **Líffræðileg fjölbreytni – stefna og markmið til ársins 2030**

Náttúruverndarstofnun bendir á að í lok árs 2025 gaf ráðherra út stefnumótandi skjal um líffræðilega fjölbreytni, *Líffræðileg fjölbreytni – stefna og markmið til ársins 2030*<sup>4</sup>. Í stefnunni er lögð áhersla á að stöðva hnignun líffræðilegrar fjölbreytni, vernda vistkerfi og tryggja endurheimt þeirra, auk þess sem kveðið er á um mikilvægi þess að samþætta vernd líffræðilegrar fjölbreytni í alla stefnumótun og áætlanagerð, þar á meðal skipulagsáætlanir sveitarfélaga.

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að markmið og áherslur stefnunnar séu höfð að leiðarljósi við gerð skipulagsáætlana, einkum hvað varðar landnotkun, vernd vistkerfa og forgangsröðun aðgerða sem stuðla að sjálfbærri þróun og langtímavernd náttúrugæða.

### Fuglalíf

Í greinargerð kemur ekki fram sérstök umfjöllun um fuglalíf eða mat á áhrifum skipulagsbreytingarinnar á fugla, þrátt fyrir að framkvæmdarsvæðið sé staðsett á strandsvæði í nálægð við mikilvæg búsvæði sjófugla og annarra fuglategunda í Vestmannaeyjum.<sup>5</sup> Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að bætt verði úr umfjöllun um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf, sérstaklega með hliðsjón af verndargildi fuglalífs í Vestmannaeyjum.

Náttúruverndarstofnun bendir á að Vestmannaeyjar eru skilgreindar sem mikilvægt fuglasvæði á lands- og alþjóðavísu vegna umfangs og fjölbreytileika fuglalífs, meðal annars sjófugla. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að í skipulagsgögnum sé fjallað um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf, þar á meðal áhrif aukinnar umferðar, lýsingar, hávaða, næringarefnalosunar og aukinna umsvifa á framkvæmda- og rekstartíma.

Náttúruverndarstofnun bendir á allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.

Auk þess bendir stofnunin á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Í umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila er fjallað um möguleg áhrif fráveitu vegna losunar næringarefna og lífrænna efna á fuglalíf. Þar kemur meðal annars fram að aukið fæðuframboð geti haft áhrif á fuglasamfélög, bæði með jákvæðum og neikvæðum hætti. Að mati Náttúruverndarstofnunar byggir umfjöllunin þó að mestu á almennri lýsingu á áhrifum fráveitu frá fiskeldi en takmarkað er fjallað um staðbundnar aðstæður á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, þar á meðal hvaða fuglategundir gætu orðið fyrir áhrifum og hvort aukin ásókn fugla, svo sem

<sup>4</sup> <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/URN/Li%cc%81ffr%cc%3%a6%cc%3%b0ileg%20fjo%cc%88lbreytni%20%e2%80%93%20Stefna%20og%20markmi%cc%3%b0%20til%20a%cc%81rsins%202030-digital.pdf>

<sup>5</sup> <https://www.natt.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/vestmannaeyjar>

máfugla, gæti haft áhrif á aðrar tegundir og varpárangur þeirra. Þá er takmarkað fjallað um möguleg áhrif á fuglategundir sem hafa hátt verndargildi í Vestmannaeyjum.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar við matsáætlun framkvæmdarinnar benti stofnunin á möguleg áhrif ljósmengunar á fuglalíf, sér í lagi vegna aðdráttarafls ljóss fyrir lundapysjur og aðra unga sjófugla, svo sem skrofu og sjósvölu. Náttúruverndarstofnun taldi mikilvægt að sett yrði fram vöktunaráætlun sem tæki til þess tímabils þegar ungar þessara tegunda halda út á sjó, með það að markmiði að finna fugla sem villast vegna ljóss og koma þeim aftur til sjávar. Stofnunin taldi jafnframt æskilegt að slík vöktun yrði unnin í samstarfi við Náttúrustofu Suðurlands og/eða Náttúrufræðistofnun Íslands.

### **Meðhöndlun úrgangs**

Í greinargerð kemur fram að dregið verði úr myndun úrgangs og stuðlað að endurvinnslu og endurnýtingu þess úrgangs sem fellur til vegna starfseminnar.

Náttúruverndarstofnun telur jákvætt að áhersla sé lögð á endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs. Að mati stofnunarinnar þarf þó að gera skýrari grein fyrir meðhöndlun lífræns úrgangs og seyru sem fellur til vegna starfseminnar, meðal annars varðandi geymslu, flutning, endurnýtingu og endanlega ráðstöfun.

Ef ráðgert er að nýta lífrænan úrgang eða seyru til landgræðslu eða sem áburð telur Náttúruverndarstofnun mikilvægt að fjallað verði um möguleg áhrif slíkrar nýtingar á jarðveg, gróður, vatn og lífríki.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Fróði Guðmundur Jónsson

**sérfræðingur**